



4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2021 - 2022 haldinn þriðjudaginn 15. feb. 2022 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Logason varaformaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Sigurjón Jónsson. Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Ylfa Ösp Áskelsdóttir fulltrúi kennara, Helgi Már Herbertsson fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

- Kosning formanns og varaformanns
Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður og Frosti Logason varaformaður gefa kost á sér áfram og var það samþykkt einróma.
- Fjármál skólans
Skólinn rekinn nánast á núlli miðað við fjárveitingu –Útkomuspá jákvæð um 105 milljónir sem byggir á afgangi fyrri ára. Nokkurn vegin það sama og var til á síðasta ári. Fjármál skólans eru í góðum málum. Aðeins undir áætlun í launamálum í janúar 2022.
Umræður: Sammála um að fjármál séu í góðu jafnvægi. Spurning um hvort fækkun nemenda um ca. 30 nemendur hafi áhrif á fjármagn.
Umræða um covid: Þessi önn erfiðust í faraldrinum, mest brottfall.
- Stefnuskjal skólans til þriggja ára
Mótast mjög af því að ríkisstjórn var mynduð mjög seint. Loftslagsstefna komin inn á heimasíðu og Grænum skrefum lokið. Lögð áhersla á 3. anna kerfið - fleiri að útskrifast á þremur árum (minni breidd námslega) – skólinn leggur ekki sérstaka áherslu á allir nemendur ljúki námi á þremur árum.
Fyrirhuguð Fordómavika sem verður haldin á vorönn kynnt.
- Innritun í FG á vorönn og haustönn 2022
Mikil aðsókn í skólann.
- Önnur mál
Skýrsla um félagslífið, ball verður haldið á morgun í Gamla bíó. Skólanefnd fagnar góðum árangri í Gettu betur og hrós til nemendafélagsins að bregðast hratt við í skemmtanalífinu. Mjög margir foreldrar bæst við á facebook síðu foreldrafélags skólans. Fór úr 40-350 manns.

Fundarritari
Ylfa Ösp Áskelsdóttir